

BLAKSAM BAND ÍSLANDS

Umsögn um Afreks- og styrktarsjóð ungra og efnilegra blakmanna

Á Öldungamóti í blaki á Akureyri 2018, kom fram sú hugmynd að styrkja og styðja við bakið á ungum afreksblakmönnum, sér í lagi þá sem búa á landsbyggðinni og þurfa að fara langan veg til þess að taka þátt í afreksstarfi Blaksambands Íslands. Hugmyndin er að koma á fót afreks- og styrktarsjóð fyrir efnilega blakmenn og styrkja þá til þátttöku í afreksstarfi Blaksambands Íslands áður en landslið eru valin.

Eins og þekkt er þá eru ungir og efnilegir leikmenn boðaðir í æfingabúðir áður en endanlegt val á landsliði fer fram. Mikilvægt er, að þeir sem eru valdir geti tekið þátt án þess að foreldrar þurfi vegna þess að bera þungar fjárhagslegar byrðar eða hreinlega að hinir útvöldu verði frá að hverfa vegna kostnaðar.

Tilgangur sjóðsins er þannig að minnka útgjöld efnilegra leikmanna vegna þátttöku í æfingabúðum landsliða. Gildir það jafnt um ferðakostnað leikmanna sem og uppihald. Með þessum hætti verður aðstöðumunur leikmanna vegna þátttöku í afreksstarfi jafnaður til muna en gert er ráð fyrir að leikmenn sem búa í meira en 100 km fjarlægð frá æfingastað njóti styrks. Sjóðurinn mun einnig aðstoða BLÍ við að auka fagmennsku í afreksstarfi sambandsins og skapa betri umgjörð um það.

Megin tekjur sjóðsins verður framlag frá Öldungamóti BLÍ í formi dómaragjalda en auk þess kann sjóðurinn að afla annarra tekna vegna samstarfs við þriðja aðila. Sjóðurinn verður á sérstökum bankareikningi og mun framlag hans koma fram í ársreikningum BLÍ auk skýrslu stjórnar sjóðsins.

Stofnun afreks- og styrktarsjóðs er mikilvægt framfaraskref og nýsköpun í starfi blakhreyfingarinnar sem ber að fagna. Aðilar þeir sem hafa beitt sér fyrir stofnun þessa sjóðs eiga miklar þakkir skildar.

Tillaga að reglugerð lögð fram á árþingi BLÍ 29. mars 2019

Afreks- og styrktarsjóðir ungra og efnilegra blakmanna

Markmið sjóðsins er að styrkja við þátttöku ungra og efnilegra blakmanna til þátttöku í skilgreindum verkefnum á vegum Blaksambands Íslands. Framlag til sjóðsins eru að stærstum hluta tekjur frá Öldungamóti í blaki ár hvert, auk þess sem að sjóðurinn má leita eftir frjálsum framlögum frá fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum. Stofnframlag sjóðsins er frá 2018, fjármunir sem að framkvæmdaraðilar Öldungamótsins það ár lögðu til hliðar.

Styrkir sjóðsins eru eingöngu greiddir til einstaklinga sem hafa með sannanlegum hætti sýnt fram á þátttöku sína í verkefnum á vegum Blaksambands Íslands. Sjóðurinn getur að hámarki greidd út styrki sem nema að heildartekjum frá síðasta starfsári. Ekki er leyfilegt að úthluta styrkjum á milli starfsára. Heimilt er að úthluta Blaksambandi Íslands hluta af fjármunum sjóðsins ár hvert enda renni framlagið eingöngu til starfssemi yngri landsliða, hvort sem er til niðurgreiðslu á ferðakostnaði eða upphaldi leikmanna.

1. grein

Sjóðurinn heitir Afreks- og styrktarsjóður ungra og efnilegra blakmanna.

2. grein

Tilgangur sjóðsins er að styrkja þá einstaklinga sem kallaðir eru á forvals- og/eða unglíngalandsliðsæfingar á vegum BLÍ og jafna þannig ferðakostnað innanlands. Heimilt er að sækja um ferða- og upphaldsstyrk fyrir ferðum sem eru í a.m.k. 100 km fjarlægð frá heimili iðkenda.

3. grein

Sjóðnum er ennfremur heimilt að veita ferðastyrki vegna þátttöku í viðurkenndum landsliðsverkefnum unglíngalandsliða Blaksambands Íslands.

4. grein

Umsóknir skulu berast sjóðnum a.m.k. mánuði eftir að verkefni líkur á þar til gerðu eyðublaði aðgengilegt á vef Blaksambands Íslands. Allar umsóknir skulu studdar viðeigandi gögnum. Styrkir skulu greiddir hið fyrsta eftir að verkefni er lokið, og a.m.k. tvisvar á ári.

5. grein

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum. Formaður sjóðsstjórnar skipaður af BLÍ, einn fulltrúi frá landsliðsnefnd BLÍ og einn fulltrúi frá öldungahreyfingunni.

6. grein

Stjórn sjóðsins skal skila árlegri skýrslu til Blaksambands Íslands og leggja hana fyrir Árþing BLÍ.

7. grein

Reglum þessum verður einungis breytt á árþingi BLÍ.